

Ljóð sem voru á meðal þeirra bestu á unglingsstigi:

Strákur með bleikar neglur

Er ég stelpa?
Fólk segir að ég hagi mér eins og stelpa,
mér finnst það ekki.
Strákarnir í bekknum mínum
vilja ekki vera með mér
vegna þess að ég vil ekki fara í fótbolta með þeim,
þannig ég verð með stelpunum.
Þær naglalökkuðu sig,
mig langaði að prófa,
þær sögðu já og ég var mjög fallegur,
það sögðu þær allavega.
Ég fór heim og sýndi mömmu,
hún gretti sig en sagði að ég væri flottur.
Ég spurði hvað væri að,
hún sagði: „Fólki finnst skrítíð að strákar séu með stelpudót á sér.”
... Af hverju?
Af hverju er það skrítíð að mig langi að vera með bleikar neglur?
Ég er ekki stelpa,
ég veit ég er strákur,
strákur með bleikar neglur.

Kolbrún Kara, 9. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Kveðja til látins ástvinar

Þú breyttir mér í betri manneskju,
þú lést mig hlæja þegar ég var við það að gráta.
Þú lést mig finna fyrir einhverju
eftir að hafa verið dofin í langan tíma.
Þú varst ástæðan af hverju ég vildi halda áfram
þegar ég var að gefast upp.
Ef ég gæti
myndi ég fara aftur í tímann
og passa upp á þig þessa einu nótt.
Ég vildi bara að ég gæti fengið að tala við þig einu sinni í viðbót.
Ég elska þig mest í öllum alheiminum.

Martyna 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Næturfrost

Er sólin fer niður síðar um daginn,
sekkur rökkrið djúpt um kvöldmatarleyti.
Nóttin er löng, nístir kuldi um bæinn,
nálgast þó birtan sem eldsneyti.

Helena Reykjalin, 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Í gleði er sorg

Það eru allir hjá mér,
það segja þau öll
en ef það er rétt
af hverju er ég einn?
Mér líður ekki vel
samt er ekkert að mér.
Þau segja að húsið sé fullt af gleði
en ef þetta er gleði
þá langar mig ekki í það.

Unnsteinn, 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Gleymdar og yfirgefnar

Ég gekk inn í fjörðinn.
Fagurt veður,
sólin skein
og það glampaði á lækinn
sem rann við hliðina á mér.
Ég andaði að mér
ferska loftinu,
fann friðinn um mig alla.

Ég kom auga á rústir
innar í firðinum,
sólin skein á þær.
Mosavaxnir steyptir veggir,
ég stóð og starði á staðinn
sem fólk hafði einu sinni munað eftir.

Þórný Harpa, 9. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Eitthvað er eitthvað

vatn er súrefni
súrefni er vatn
mig dreymir í svefni
þar drekk ég sódavatn

stutt er lífið
lífið er stutt
þannig virkar mannlífið
það get ég rökstutt

kerti er vax
vax er kerti
á morgun fæ ég fax
um hvern ég snerti

viður er tré
tré er viður
á morgun ég fer á hné
þar verður friður

sólin er hlý
hlý er sólin
fyrir henni eru ský
rétt fyrir jólin

Alex Helgi, 9. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Ljóð

Ég er að reyna að skrifa ljóð,
en ég kann það ekki.
Þannig ég skrifa bara um það.

Ljóð eru mjög skrítn,
þau geta látið þig hlæja,
brosa
og (kannski ef maður er heppin)
að gráta.

Ekki margir geta skrifað vel
og ég er ein af þeim sem geta það ekki.
Þannig ef þú ert svo heppin að geta skrifa vel,

Þá ættir þú að verða ljóðskáld.
Því þú getur ekki gert neitt annað með þannig hæfileika,
nema þegar þú þarft að skrifa ljóð í skólanum.

Eða er þetta kannski ljóð?

Hafey Hvítfeld, 9. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Ljóð um sveltandi strákin

Á einum bekkjunum sat strákur,
hann var að svelta.
Jafn mjór og snákur,
hann grét og fór að velta.
Maður gekk hjá
frekar ríkur hann var,
hann þóttist ekki sjá,
eins og ekkert væri þar.

Næsta dag lést hann,
engin fjölskylda, engir vinir.
Maðurinn kom og fann
strákinn dáinn, eins og hinir.

Sveinn Ingi, 8. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Komdu til mín

Sit ég í sorg systir mín,
nú er ég farinn
og hér mun ég bíða þín
þótt ég þurfi að bíða lengi
þá munt þú koma til mín.

Skarphéðinn Þór, 8. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Samskipti við náttúruna

Dönsum með úlfunum
Í sólarljósi.
Syngjum með fuglunum
snemma að morgni.
Hlaupum með hestunum
um opin tún.
Tölum við páfagaukana
eins og gamlir vinir.
Syndum með fiskunum,
frjáls í undirdjúpunum.

Viðar Gauti Jónsson, 8. bekk Kerhólsskóla Grímsnesi

Augnlokin þyngjast afar hratt
dofnar hin auma veröld.
Í fágætum friði dvel um stund
ferðast þúsund mílur.
Með æpandi ævintýraþrá
æðir í innstu drauma og vonir.
Fallegir litir form og hljóð
flæðir í öll horn.
Stefnir í stóra slysið
stoppar allt of seint.
Grefur sinn djúpa skurð
skelfur en kemst hvergi.
draumurinn deyr út
dagurinn tekur við á ný.

Ísold Assa Guðmundsdóttir, 8. bekk Kerhólsskóla Grímsnesi

mars 2020

Erfiðir tímar nú ganga í garð
svo skrifa þetta ljóð ég varð.
Við erum öll buguð og þreytt
ástandið er skrátið og lífið er breytt.

Læknarnir reyna
veiruna að greina,
en ekkert gengur
og við getum ekki beðið lengur.

Því fólk er farið að kveðja
en ég þori að veðja
að einhvern tímann mun þetta enda,
við hættum að svífa og munum loks lenda.

Embla Guðný Jónsdóttir, 9. bekk Ingunnarskóla

Mín ljóð

Ég yrki ófá ljóð
um mína þjóð
en líka önnur lönd
og stundum skrátna önd.

Ég yrki fyrir mína sál
þegar inni í mér brennur bál
ef ég er reið og leið
eða þegar leiðin er greið.

Ég nota oft minn tíma
í það bara að ríma
ég púsla saman orðum
kannski fer allt úr skorðum.

Stundum aðrir mín ljóð sjá
einungis sumir það fá.

En sum ljóðanna eru svo galin
að þau verða að eilífu falin.

Embla Guðný Jónsdóttir, 9. bekk Ingunnarskóla

Það sem horfið er

Við fáum ekki fortíðina flúið,
en tár hún geymir björt sem morgunsól.
Í fortíðinni getum við búið,
en aðeins ef þú vilt vera föst í ól.

Í myrkum skáp við geymum list
sem yfirborðið aldrei fékk að sjá.
Það er margt sem mannfólkið hefur misst
og í dag bannað er að fá.

Sigríður María Sigurðardóttir, 10. bekk Ölduselsskóla

Brotið hjarta

Ég sparka og ég lem
en ég er sá sem
horfi út um gluggann
og vona að ég sjái ekki skuggann.

Þótt hann sé farinn
er ég enn marinn.
Ég tek það út á öðrum
með barsmíðum og látum.

Brotið hjarta
í marga parta,
ég er hataður
en ekki elskaður.

Nemendur í 8. bekk Grunnskólans í Þorlákshöfn